

Tíundi fundar hreppsnefndar haldinn að Breiðabliki 14. júlí 2022 kl. 17

Mætt eru Herdís Þórðardóttir, Veronika G. Sigurvinsdóttir, Þröstur Aðalbjarnarson, Sonja K. Marinósdóttir og Sigurbjörg Ottesen, sem að ritaði fundargerðina.

Oddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Dagskrá:

1. Gjaldskrá mötuneytis Laugargerðisskóla

Oddviti hefur unnið drög að nýrri gjaldskrá mötuneytis Laugargerðisskóla. Gjaldskráin er samþykkt og oddvita falið að birta hana á heimasíðu hreppsins.

2. Niðurstaða Mennta- og barnamálaráðuneytisins vegna meintrar ólöglegrar gjaldheimtu á fæðisgjöldum í mötuneyti Laugargerðisskóla, dagsett 10.6.2022.

Veronika og Sonja víkja af fundi vegna vanhæfis.

Hreppsnefnd ákveður að endurgreiða foreldrum leik- og grunnskólabarna mismun á gjaldskrá.

3. Leikskólamál.

Hreppurinn hefur gert samning við Snæfellsbæ um leikskólapláss í leikskólaselinu á Lýsuhóli til áramóta.

4. Eftirlitsskýrsla Heilbrigðiseftirlits Vesturlands vegna félagsheimilisins á Breiðabliki, dagsett 12.7.2022.

Oddvita falið að sækja um starfsleyfi fyrir núverandi notkun hússins, sækja um frest vegna eldhússins og útvega handþurrkustand á starfsmannasalerni.

5. Skýrsla fyrir aðalskoðun á leiksvæði við Laugargerðisskóla, dagsett 1.7.2022.

Viðhaldi er ábótavant á leikvelli skólans. Skýrslan verður lögð fyrir byggingarfulltrúa hreppsins og í framhaldi farið í endurbætur.

6. Skipun fulltrúa hreppsins á Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Þar sem hvorki aðalmaður né varamaður sem að skipaðir voru á áttunda fundi hreppsnefndar á árinu, þarf að endurskipa fulltrúa.

Hreppsnefnd skipar oddvita sem aðalmann og Þröst Aðalbjarnarson til vara.

7. Erindi frá Áfangastaða- og markaðssviði SSV, dagsett 30. júní. 2022.

Efni erindisins er beiðni um að skipaður verði áfangastaðafulltrúi hreppsins.

Hreppsnefnd skipar Sonju K. Marinósdóttur sem áfangastaðafulltrúa hreppsins.

8. Erindi frá Umhverfisstofnun, dagsett 30. júní 2022.

Boð á ársfund náttúruverndarnefnda, sem að haldinn verður í Grindavík, 10. nóvember n.k.

Sonja K. Marinósdóttir sækir fundinn fyrir hönd hreppsins.

9. Fundargerð 910. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, 20. maí 2022.

Lögð fram til kynningar.

10. Fundargerð 911. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, 23. júní 2022 .

Lögð fram til kynningar.

11. Félags- og skólabjónusta Snæfellinga, ársreikningur 2021.

Lagður fram til kynningar.

Ekki var fleira gert og fundi slitið kl. 18

Herdís Þórðardóttir sign

Veronika G. Sigurvinsdóttir sign

Þröstur Aðalbjarnarson sign

Sonja K. Marinósdóttir sign

Sigurbjörg Ottesen sign